

Reykjavík, 7. nóvember 2016.

Forsætisnefnd Alþingis og
formenn þingflokka.
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík.

Efni: Endurskoðun laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

Landskjörstjórn hefur að liðnum alþingiskosningum 2009 og 2013 vakið athygli forsætisnefndar og formanna þingflokka á þörf almennrar endurskoðunar laga um kosningar til Alþingis.


Í júlí á þessu ári skilaði vinnuhópur sem forsætisnefnd skipaði til þess að endurskoða gildandi lög um kosningar til Alþingis skýrslu um störf sín ásamt tillögu að frumvarpi um breytingar á gildandi lögum. Var frumvarpið síðan lagt fram á liðnu haustþingi til kynningar.

Landskjörstjórn leggur áherslu á að áfram verði unnið að endurskoðun kosningalaga á grundvelli tillagna vinnuhópsins. Það er jafnframt mat vinnuhópsins að í ljósi umfangs þeirra breytinga sem lagt er til á gildandi lögum að stefna beri að setningu nýrra heildarlaga um kosningar til Alþingis.




Kristín Edwald,
formaður landskjörstjórnar.


Þórir Haraldsson.


Ástráður Haraldsson.


Sigrún Benediktsdóttir.


Gunnar Sturluson.